

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 107

10. desember 2020

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman til fjarfundar fimmtudaginn 10. desember 2020 kl. 16:00. Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson, Sigursteinn Sigurðsson, Hrefna B. Jónsdóttir og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundargerð síðasta fundar borin undir fundarmenn.

Engar athugasemdir gerðar við síðustu fundargerð.

2. Níu mánaða uppgjör og árslokaspá

Helga Karlsdóttir fjármálastjóri kom inn á fundinn og lagði fram 9 mánaða uppgjör. Umræður fóru fram í kjölfarið.

3. Rekstraráætlun 2021

Í framhaldi var tekin yfirferð á rekstraráætlun fyrir komandi ár. Umræður í kjölfarið. Fjármálastjóri fór að lokum yfir árslokaspá fyrir árið 2020. Rekstraráætlun borin upp til atkvæðagreiðslu og telst samþykkt.

4. Yfirlit yfir þróun starfa í MB

Skólameistari fór yfir tölur um fjölda starfa og stöðugilda innan skólans, og hvernig þróun þeirra hefur verið t.a.m. í takt við nemendafjölda. Umræður í kjölfarið. Skólameistara og tveimur stjórnarmönnum falið að skoða stjórnarsýsluna í skólanum og meta störf og starfshlutföll út frá verkefnum.

5. Þróun skólastarfs

- a. Skólameistari kynnti undirbúningsvinnu að samstarfi við utanaðkomandi aðila við MB. Samstarfið fellst m.a. við KVAN, Háskólann á Bifröst og fleiri.
- b. Stundarskrá. Skólameistari kynnti breytt fyrirkomulag á stundarskrá, hvernig hún er sett upp og hvernig hún nýtist nemendum. Breytingin er stór fyrir skólann og mun hafa áhrif á daglegt starf MB.

6. Önnur mál



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

- Rætt um Hugheima og Fablab í húsnæði skólans.
- Rætt um dagsetningar fyrir næstu fundi stjórnar MB og stjórnarfolk beðið um viðbrögð. Umræður fóru fram í kjölfarið.
- Rætt um nýfallin dóm EFTA dómstólsins. Niðurstaða dómsins kynnt fyrir stjórn og málinu er nú lokið.
- Stjórn MB leggur fram eftirfarandi bókun: „Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar þakkar nemendum og starfsfólki fyrir frábært starf á árinu við erfiðar og sérstakar aðstæður vegna Covid 19. Fulltrúar í stjórn eru afar stoltir af skólanum og þeim mannauði sem er innan skólans. Við horfum björtum augum til framtíðar.“

Engin önnur mál voru borin upp. Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:14